


# Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegi 2, 800 Selfoss, kt. 630189-2849, sími 482-1259 og netfang herarn@simnet.is

## ÁRSSKÝRSLA 2005



*Ein stærsta skjalaafhenging ársins kom frá Prentsmiðju Suðurlands.  
Þar eru fyrirferðamest ýmis smáprent svo sem aðgöngumiðar  
dansleikja eins og myndin hér fyrir ofan sýnir.*

## Annáll 2005

Rekstur safnsins var með hefðbundnum hætti og ætíð næg verkefni. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður, var í 100% stöðu og Skúli Sæland, skjalavörður, í 55% stöðu allt árið. Einnig unnu bræðurnir Þorsteinn Tryggvi, sagnfræðingur, og Mór Ingólfur, sagnfræðinemi, Mássynir við frágang sýslumannsskjala. Stjórn og varastjórn var óbreytt og skoðunarmenn ársreiknings hinir sömu og áður. Afhendingar til safnsins urðu 40 og sú stærsta frá Prentsmiðju Suðurlands. Þar í er fyrirferðamest sýnishorn smáprents en einnig eru þar ljósmyndir, filmur o. fl.

Rekstrartekjur safnsins urðu 8.278.966 kr. eða tæp 3% undir áætlun þrátt fyrir að eigin tekjur safnsins yrðu 516.966 kr. umfram áætlun. Þær umframtekjur urðu til vegna verkefna sem héraðsskjalavörður tók að sér fyrir sveitarfélagið Ölfus í afréttarmálum fyrir Óbyggðanefnd. Framlag ríkisins (Þjóðskjalasafns) varð 700.000 kr. eða 100.000 kr. undir áætlun. Mestu munar þó að framlag Héraðsnefndar varð aðeins 6.922.000 og lækkaði um 4,5% frá 7.250.000 kr. framlagi ársins 2004. Samkvæmt áætlun vantaði um 653.000 kr. til þess að það dygði fyrir launum héraðsskjalavardar og öðrum rekstrar-kostnaði utan launakostnaðar aðstoðarmanna. Sú tilhögun hefur verið höfð að leiðarljósi við rekstur og fjárveitingar til safnsins frá 1994 sbr. samþykkt Héraðsnefndar á vorkundi 11. maí 1993. Rekstrargjöld urðu 9.403.553 kr. sem er 328.553 kr. og rúm 3,6% yfir áætlun. Rekstrartap ársins varð því 1.115.158 kr. eða 565.158 umfram áætlun. Í fyrsta sinn í sögu safnsins varð veltufjárstaðan því neikvæð í árslok. Stofnbúnaðarkaup ársins voru fartölva og vönduð stafræn myndavél til eftirtöku skjala.

Gestir safnsins urðu 910 sem er veruleg fækkun frá fyrra ári en þó fjórða hæsta gestatala frá upphafi. Fyrirspurnum og afgreiðslum símleiðis og á neti fjölgar stöðugt. Þann 20. maí var opnuð sýning á skjölum Gísla Guðmundssonar í Bitru og er hún enn uppi. Hluti þeirrar sýningar, Kaupfélag Árnesinga hið fyrsta, er nú á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalavörður sótti þing vest-norrænna skjalavarda sem haldið var í Nuuk á Grænlandi. Tveir stjórnarfundir voru haldnir. Hinn fyrri var 2. mars þar sem m.a. var gengið frá ársskýrslu og ársreikningi vegna 2004. Sá síðari var 15. sept. þar sem fjárhagsáætlun ársins 2006 var afgreidd og fleiri mál rædd.

Skráningu skjala sýslumanns Árnessýslu var lokið að mestu og þau flutt á Þjóðskjalasafn. Það er nú heilstæðasta og stærsta skjalasafn sýslumanns-embættis þar, 3.711 skráðar arkir, um 1.500 skjalaöskjur og þyngdin allt að 5 tonnum. Snemma árs, þegar séð var að sértekjur héraðsskjalasafnsins færu verulega fram úr áætlun, var ákveðið auka vinnu aðstoðarmanna til þess að koma þessu verki í höfn.

**Viðskiptavinum öllum, notendum og gefendum, er þakkað samstarfið**

---

Björn Pálsson héraðsskjalavörður

## Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árneseinga 2005

### A Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.:

- 1) Barna- og miðskólinn á Eyrarbakka
- 2) Biskupstungnahreppur
- 3) Eyrarbyggjahreppur
- 4) Gaulverjabæjarhreppur
- 5) Hreppstjórinn í Biskupstungnahreppi
- 6) Hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi
- 7) Húsmæðraskóli Suðurlands
- 8) Iðnráð Árneseyslu
- 9) Laugardalshreppur
- 10) Mosfellsprestakall
- 11) Sjúkrasamlag Eyrarbyggjahrepps
- 12) Skólaskrifstofa Suðurlands
- 13) Sýslunefnd Árneseyslu
- 14) Torfastaðakirkja
- 15) Þingvallahreppur
- 16) Þuridarbúð á Stokkseyri

### Sá/Sú sem afhenti:

Hafdís Sigurjónsdóttir skólabókav.  
Sveinn A. Sæland/Róbert Róbertsson  
Signý Harpa Hjartardóttir skjalav.  
Þórlaug Bjarnadóttir  
Sigurður Erlendsson, Vatnsleysu  
Þórlaug Bjarnadóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Sigurður Ágústsson  
Sveinn A. Sæland  
Gunnar Jóhannsson  
Signý Harpa Hjartardóttir skjalav.  
Kristín Hreinsdóttir  
Þjóðskjalasafn Íslands  
Róbert Róbertsson  
Sveinn A. Sæland  
Hafdís Sigurjónsdóttir

### B Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga:

- 1) Alþýðuflokksfélag Selfoss
- 2) Bíla- og búvélaverkstæði/Vinnuvélar A. M.
- 3) Byggingafélag verkamanna á Stokkseyri
- 4) Dagur Brynjúlfsson í Gaulverjabæ
- 5) Fiskideild Stokkseyrar
- 6) Framfarafélag Laugaráshverfis
- 7) Guðfinna Hannesdóttir frá Hólum
- 8) Guðlaug Sveinbjörnsdóttir, Uppsölum
- 9) Guðrún Diðriksdóttir
- 10) Helgi Ágústsson frá Birtingaholti
- 11) Kennarafélag Suðurlands
- 12) Kópsvatn í Hrunamannahreppi
- 13) Prentsmiðja Suðurlands
- 14) Róbert Róbertsson frá Brún, Biskupst.
- 15) Skarð í Gnúpverjahreppi
- 16) Stokkseyringafélagið í Reykjavík og nág.
- 17) Syðri-Völlur í Gaulverjabæjarhreppi
- 18) Ungmennafélag Eyrarbakka
- 19) Vatnsveitufélag Laugarás
- 20) Verkamannafélagið Báran

### Sá/Sú sem afhenti:

Steingrímur Ingvarsson  
Kári Michelsen  
Hinrik Ólafsson  
Þórlaug Bjarnadóttir  
Tómas Karlsson  
Ingibjörg Bjarnadóttir  
Guðfinna Hannesdóttir  
Guðjón og Jóna á Uppsölum  
Svava Finnbogadóttir, Akranesi  
Þorvarður Örnólfsson, Reykjavík  
Jósefína Friðriksd. Hansen  
Magnús Jónsson  
Örn Grétarsson  
Róbert Róbertsson  
Sveinn Einarsson  
Hafdís Sigurjónsdóttir  
Arndís Erlingsdóttir  
Magnús Karel Hannesson  
Hörður V. Sigurðsson  
Magnús Karel Hannesson

### C Ljósmyndir afhentu:

Prentsmiðja Suðurlands, Guðfinna Hannesdóttir o.fl.

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

(skammstöfun HérÁrn)

Austurvegi 2, 800 SELFOSS. Kt. 630189-2849

Sími 482-1259 og netfang herarn@simnet.is

## Opnunartími

Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:00 - 18:00

og fimmtudaga kl.14:00 - 19:00

## Stjórn safnsins

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, formaður,  
Magnús Á. Ágústsson, Lindarbrekku, Hveragerði, varaformaður,  
Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, ritari

## Héraðsskjalavörður / Skjalavörður

Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389 og 861-5092  
Skúli Sæland, Varmagerði, Laugarási í Bláskógabyggð

---

## REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2005

	2005	Áætlun	2004
<b><u>REKSTRARTEKJUR:</u></b>			
Héraðsnefnd Árnesinga	6.922.000	7.575.000	7.250.000
Þjóðskjalasafn Íslands	700.000	800.000	700.000
Seld þjónusta	656.966	150.000	352.428
Vaxtatekjur	9.429	0	1.517
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>8.288.395</u></b>	<b><u>8.525.000</u></b>	<b><u>8.303.945</u></b>
<b><u>REKSTRARGJÖLD:</u></b>			
Laun og launatengd gjöld	6.987.416	6.485.000	6.300.484
Annar rekstrarkostnaður	2.056.105	2.190.000	1.906.359
Stofnbúnaður	360.032	400.000	258.169
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>9.403.553</u></b>	<b><u>9.075.000</u></b>	<b><u>8.465.012</u></b>
<b><u>HÆKKUN (LÆKKUN)</u></b>			
<b><u>Á HREINU VELTUFÉ:</u></b>	<b><u>(1.115.158)</u></b>	<b><u>(550.000)</u></b>	<b><u>(161.067)</u></b>
<b><u>BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:</u></b>			
Veltufjárstaða í árslok	( 62.313)	502.845	1.052.845
Veltufjárstaða í ársbyrjun	1.052.845	1.052.845	1.213.912
<b><u>BREYTING Á ÁRINU</u></b>	<b><u>(1.115.158)</u></b>	<b><u>(550.000)</u></b>	<b><u>(161.067)</u></b>